

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. júní 2020

25. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is

Fá 300 milljóna bónus

Samþykktu tillögu um bónusgreiðslur til stjórnar og tveggja starfsmanna Klakka vegna árangurs við sölu á eignum félagsins.

2

Mikið fé í leit að ávöxtun

Fjármagn mun sækja í áhættu-meiri eignir í leit að viðunandi ávöxtun að sögn sérfræðings. Alls 2.151 milljarður í innlánnum.

4

Hyggjuvitið getur brugðist

Kristín Friðgeirsdóttir, alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi, segir mikil tækifæri fyrir íslenskt viðskiptalíf til að vanda ákvarðanatöku.

6

Vinna með Boeing að drónaflugi

Íslenska fyrirtækið Aha tekur þátt í verkefni hvernig standa meggi að flutningi á vörum með drónum. ESB leggur til um 300 milljónir.

11

Samkeppnishæfara Ísland

Á Íslandi er hvað erfiðast fyrir tjónþola að sækja skaðabætur vegna samkeppnislagabrota, segir aðalhogfræðingur SKE.

14

Í okkar DNA að vaxa

Öryggismiðstöðin hefur vaxið hratt frá því að Ragnar Þór Jónsson tók við sem forstjóri. Starfsmenn voru um 100 árið 2006 en voru 500 síðasta sumar. Ragnar Þór segir að umræðan um hlutabótaleiðina, sem komið var á fót til að bregðast við efnahagslegum afleiðingum kórónaveirunnar, sé á villigötum. ➔ 8

Á svipstundu átti hlutabótaleiðin ekki lengur að verja störf in landinu heldur verja störf hjá fyrirtækjum sem gengið hafa illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

Fá ekki heimild til að greiða upp víkjandi lán

Stjórnendur Kviku hafa fallið frá fyrri áformum sínum, að minnsta kosti tímabundið, um að nýta sterka lausafjárstöðu bankans til að greiða upp víkjandi skuldabréf, sem var gefið út árið 2015 og er til tíu ára, að fjárhæð um 1.200 milljónir króna þar sem ólíklegt er talið að heimild til að greiða upp lánið muni fást frá fjármálaeftirliti Seðlabankans. Vaxtakjörin á skuldabréfaútgáfunni eru afar óhagstæð miðað við núverandi aðstæður en vextirnir, sem eru verðtryggðir, hækka á þessu ári úr 5,5 prósentum í 7,5 prósent.

Samkvæmt heimildum Markaðarins vill Fjármálaeftirlitið ekki skapa fordæmi fyrir því gagnvart öðrum fjármálfyrirtækjum, en þar er einkum horft til Arion banka, að hægt verði að minnka eiginfjárlutföll þeirra með því að heimila að greiða upp slík skuldabréf sem teljast til eiginfjárbáttar B í því óvissuástandi sem nú er í efnahagslífinu. Allir stóru viðskiptabankarnir þrír hættu fyrir á árinu við boðaðar arðgreiðslur, sem áttu að nema samtals 24 milljörðum króna, eftir skýr tilmæli frá seðlabankastjóra um að þær yrðu dregnar til baka. Þá hætti Arion banki sömuleiðis við kaup sín á eigin bréfum.

Þegar Kvika gaf út skuldabréfið í árslok 2015 var það í fyrsta sinn sem íslenskur banki seldi víkjandi lán til fjárfesta frá fjármálahruninu í október 2008. Í lok fyrsta ársfjórðungs á þessu ári stóð höfuðstóll skuldabréfsins, sem er að óbreyttu á gjalddaga árið 2028, í 1.159 milljónum króna.

Eigið fé Kviku banka nemur um 16 milljörðum króna og er eiginfjár-



Marínó Örn Tryggvason, bankastjóri Kviku banka.

1.159

milljónum stóð höfuðstóll víkjandi skuldabréfsins í lok mars síðastliðins.

hlutfallið tæplega 24 prósent sem er nokkuð umfram 20,6 prósent eiginfjárkröfu Fjármálaeftirlits Seðlabankans sem var síðast uppfært um miðjan mars á þessu ári. Lausafjáreignir Kviku nema samtals 65,7 milljörðum króna, eða um 56 prósentum af heildareignum bankans, en þar af eru handbært fé og innstæður í Seðlabankanum um 48 milljarðar.

Samkvæmt síðasta árshlutauppgjöri var hagnaður Kviku 336 milljónir króna eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi og arðsemi eigin fjár um 8,8 prósent. Hlutabréfaverð Kviku, líkt og flestra annarra félaga í Kauphöllinni, lækkaði mikið fyrstu vikurnar í mars, en á undanförunum þremur mánuðum hefur það hækkað um líðlega 35 prósent og stendur nú í 9,75 krónum á hlut. Markaðsvirði bankans er rúmlega 19 milljarðar. – hae



Lykill var áður í eigu Klakka en eignaleigufyrirtækið var selt í byrjun þessa árs til TM fyrir 9,25 milljarða króna. Áður hafði Klakki meðal annars selt hluti í fyrirtækjunum VÍS, Símanum og Bakkavör. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stjórnendur Klakka fá 300 milljóna bónus

Samþykktu tillögu um bónusgreiðslur til stjórnar og tveggja starfsmanna vegna árangurs við sölu á eignum félagsins. Greiðslur til stjórnarmanna að meðaltali um 50 milljónir króna. Einn lífeyrissjóður var á móti tillögunni.

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



Stjórnarmenn og tveir íslenskir stjórnendur Klakka, eignarhaldsfélags sem seldi fyrir á árinu 100 prósent hlut sinn í eignaleigufyrirtækinu Lykli, munu fá samtals um 310 milljónir króna í bónusa vegna árangurs við sölu á eignum félagsins á undanförunum árum. Bónusgreiðslur til fimm manna stjórnar Klakka, tveggja Íslendinga og þriggja Breta, nema að meðaltali um 50 milljónum króna á mann.

Tillaga um bónusgreiðslurnar, sem var lögð fram af Burlington Loan Management, félagi í eigu bandaríska vognarsjóðsins Davidson Kempner, var samþykkt á aðalfundi Klakka síðastliðinn mánudag, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sjóðurinn er langsamlega stærsti hluthafi Klakka með um 92 prósent hlut. Birta lífeyrissjóður, fjórði stærsti hluthafi Klakka með um 0,8 prósent hlut, var eini hluthafinn sem greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Greint frá því í Markaðinum í desember 2017 að hluthafafundur Klakka hefði samþykkt tillögu að kaupaukakerfi fyrir þáverandi stjórnarmenn og stjórnendur félagsins. Hefðu bónusgreiðslurnar getað numið allt að 550 milljónum króna að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Áform félagsins vöktu hörð viðbrögð, meðal annars af hálfu verka-

lyðsfélaga, og daginn eftir að frétt Markaðarins birtist ákvað stjórn Klakka að mæla með því að greiðslurnar yrðu dregnar til baka. Var það sagt nauðsynlegt til að skapa traust í garð félagsins og var sú tillaga samþykkt af hluthöfum í mars 2018.

Rúmlega tveimur árum síðar hafa hins vegar upphafleg áform um bónusa til handa lykilstjórnendum félagsins verið endurvakin. Til stendur að inna greiðslurnar af hendi á þessu ári eða síðar.

Bónusgreiðslur til stjórnarmanna Klakka nema samtals rúmlega 1,6 milljónum evra, jafnvirði um 250 milljóna íslenskra króna á núverandi gengi. Þá stendur til að greiða tveimur stjórnendum Klakka, Brynju Dögg Steinsen rekstrarstjóra og Jóni Erni Guðmundssyni forstjóra, að auki samtals 293 þúsund evrur, jafnvirði 46 milljóna króna, í bónusa. Samkvæmt ársreikningi Klakka fyrir árið 2019, sem var lagður fyrir aðalfund félagsins á mánudag, námu launagreiðslur til stjórnar og tveggja starfsmanna félagsins samtals um 89 milljónir króna.

Stjórnarformaður Klakka er Matthew Hinds, meðeigandi hjá breska ráðgjafarfyrirtækinu THM Partners, en hann var um langt skeið einn helsti ráðgjafi erlendra kröfuhafa föllu bankanna. Aðrir stjórnarmenn eru Joy McAdam, fyrrverandi stjórnandi hjá Royal Bank of Scotland, Anthony Place, meðeigandi hjá THM, Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri og aðaleigandi Bláfugls, og Gunnar Þór Þórarinnsson, hæstaréttarlögmaður

1,6

milljónir evra verða samtals greiddar í bónusa til stjórnarmanna Klakka.

og meðeigandi á lögmansstofunni BBA/Fjeldco.

Stærsti eigandi Klakka er sem fyrr segir vognarsjóðurinn Davidson Kempner, í gegnum írsku félagið Burlington Loan Management og eignarhaldsfélagið BLM Fjárfestingar, en hann var á meðal stærstu kröfuhafa föllu bankanna. Sá sem hefur stýrt umsvifum sjóðsins hér á landi allt frá fjármálahruninu 2008 er Bretinn Jeremy Lowe. Eini lífeyrissjóðurinn sem eftir er í hluthafahópi Klakka er Birta, en aðrir sjóðir seldu bréf sín í félaginu á árinu 2018. Þá seldu einnig félög á vegum viðskiptafélaganna Sigurðar Valtýssonar, fyrrverandi forstjóra Exista, og bræðrana Ágúst- og Lýðs Guðmundssonar, sem oftast eru kenndir við Bakkavör, samanlagt um sjö prósent hlut sinn í Klakka vorið 2019 til Davidson Kempner. Fyrir sölu voru þeir næststærstu hluthafar Klakka.

Við sölu á Lykli til TM fyrir samtals 9,25 milljarða króna, en kaupin gengu endanlega í gegn í ársbyrjun 2020, hefur Klakki lokið við sölu á öllum eignum félagsins. Á meðal annarra eigna sem Klakki hefur selt á undanförunum árum má nefna hluti í VÍS, Símanum og Bakkavör.

Leggja Morgunblaðinu til enn meira fé

Hlutafé Þórsmurkur, sem er eigandi Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins og tengdra miðla, var aukið um 300 milljónir króna að nafnvirði í maí. Í tilkynningu til fyrirtækjaskrár kemur fram að hlutafé Þórsmurkur hafi verið aukið um helming, úr tæpum 607 milljónum króna að nafnvirði í tæplega 907 milljónir. Samhlíða því var hlutafé Árvakurs aukið úr tæplega 55 milljónum króna að nafnvirði í tæplega 65 milljónir.

Ekki kom fram í tilkynningunni hvernig skipting hlutafjárúkn- ingarinnar var á milli hluthafa en samkvæmt skráningu á eignarhaldi Árvakurs á vef Fjölmíðla-



Skrifstofa Morgunblaðsins og prentsmiðja eru í Hádegismóum.

nefndar er það enn óbreytt frá því í fyrra. Stærstu hluthafarnir, með 20 prósent hvort, eru Ramses, félag Eypórs Laxdal Arnalds, og Íslenskar sjávarafurðir, sem er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga. Þá fer Hlynur A, félag tengt Guðbjörgu Matthías-

dóttur, aðaleiganda Ísfélags Vestmannaeyja, með rúmlega 16 prósent hlut, og Ísfélagið sjálft fer með rúmlega 13 prósent hlut. Legalis, félag Sigurbjörns Magnússonar, á rúmlega 12 prósent hlut í Árvakri.

Hlutafé Þórsmurkur hefur tekið þó nokkrum breytingum á undanförunum misserum í takt við slæma afkomu Árvakurs. Þannig var hlutaféð lækkað um milljarð síðasta sumar til að mæta tapi undan- genginna ára og fyrr á sama ári var hlutafé Þórsmurkur aukið um 200 milljónir króna til að bæta fjárhagsstöðu félagsins. Árvakur tapaði 415 milljónum króna árið 2018 og 284 milljónum árið á undan. – pbf

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

RAFMÓTORAR



SCANVER 588 80 40
EHF www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

BJÖRGVIN HALLGRÍMSSON
MÁLARAMEISTARI
SÍMI: 844 9188



FÖST
VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA
REYNSLA

NÁKVEMAR
VERKLÝSINGAR

RAFRÆN
TILBOÐ OG
SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL
ATVINNULÍFSINS



Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

Gríðarmikið fé gæti leitað ávöxtunar

Fjármagn mun sækja í áhættumeiri eignir í leit að viðunandi ávöxtun að sögn sérfræðings hjá Akta sjóðum. Útlit fyrir neikvæða ávöxtun öruggari fjáreigna miðað við vænta ávöxtun. Alls er 2.151 milljarður á innlánsreikningum.

Vaxtalækkunir Seðlabanka Íslands geta leitt til þess að fjármagn á innlánsreikningum, sem hefur aukist um tugi milljarða króna á síðustu mánuðum og bera neikvæða vexti miðað við vænta verðbólgu, og aðrar fjáreignir leiti í áhættumeiri eignaflokka. Lágvaxtaumhverfið mun þannig krefjast endurskipulagningar á eignasöfnum landsmanna.

„Stærsti hlutinn af fjáreignum heimilanna fyrir utan lífeyrinn er í innlánunum og ég held að margir séu að átta sig á því að raunávöxtun þeirra, miðað við vaxtastig og vænta verðbólgu, sé orðin neikvæð og verði það til lengri tíma,“ segir Birgir Haraldsson, sérfræðingur hjá Akta sjóðum. Vextir af öruggari eignum munu þannig ekki duga til að veita upp á móti verðbólgu.

Innlán í íslenska fjármálakerfinu námu alls 2.151 milljarði króna í lok apríl á þessu ári og höfðu aukist um 150 milljarða frá áramótum. Þar af námu innlán heimila 1.000 milljarðum króna og jukust þau um 50 milljarða frá áramótum. Á sama tímabili jukust innlán lífeyrissjóða um 40 milljarða króna, úr 142 milljarðum upp í 182 milljarða.

Í kjölfar 0,75 prósentustiga vaxtalækkunar peningastefnufndar Seðlabankans 20. maí hafa stýrivextir lækkað um alls tvö prósentustig frá því í febrúar. Þeir standa nú í einu prósentu og hafa ekki verið lægri frá því að verðbólguþætti mið var tekið upp árið 2001. Mikil lækkun vaxta hefur leitt til þess að ýmsar áhættulitlar fjáreignir bera neikvæða raunvexti miðað við væntingar um verðbólgu.

Birgir segir að búast megi við því að vextir verði lágir til frambúðar og fólk sem er með sparnað í öruggum vaxtatengdum eignum líkt og innlánunum og ríkisskuldabréfum muni „óhjákvæmilega þurfa að endurskipuleggja eignasafnið sitt og taka skref lengra út á áhætturófið“.

„Það getur þýtt auknar fjárfestingar til að mynda í skuldabréfum fyrirtækja og hlutabréfum og frekari þátttöku á erlendum fjármálamörkuðum. Eignasöfn verða líklegast mun blandaðri og alþjóðlegri en þau hafa verið, með meira af innlendum hlutabréfum, áhættumeiri skuldabréfum og erlendum verðbréfum,“ segir Birgir.

Þá segir hann að tilfærsla fjármagns yfir í áhættumeiri eignaflokka geti tekið sinn tíma. „Við



Mikil lækkun vaxta hefur leitt til þess að ýmsar áhættulitlar fjáreignir bera neikvæða raunvexti miðað við væntingar um verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Líklegt að fjármagn leki inn á fasteignamarkaðinn

Líklegt er að svigrúmið sem vaxtalækkunir Seðlabanka Íslands skapa leki inn á fasteignamarkaðinn. Þetta sögðu greinendur í umfjöllun Markaðarins frá því um miðjan júní.

„Hann er sá eignamarkaður sem flestir Íslendingar telja sig hafa skilning á og margir sjá nú sparnaðinn sinn skila lítilli ávöxtun. Í slíku umhverfi gæti skapast þrýstingur á fasteignamarkaðinn,“ sagði Krístrún Frostadóttir, aðalhafgræðingur Kviku banka. Erna Björg Sværisdóttir, aðalhafgræðingur Arion banka, sagði að mikil eftirspurn hefði verið eftir endurfjármögnun í kjölfar síðustu vaxtalækkunar Seðlabankans.

„Vaxtalækkunir á húsnæðislánunum geta stutt við húsnæðisverð þar sem greiðslubyrðin hefur lækkað. Niðurstöður könnunar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar styðja þessa skoðun þar sem mun fleiri telja hagstætt að kaupa íbúðarhúsnæði um þessar mundir en fyrir ári. Lágvaxtaumhverfi dagsins í dag gæti einnig haft áhrif á fjárfesta, það er að segja að lágir vextir í fjárfestingarumhverfinu gætu beint fjármagn inn á húsnæðismarkaðinn,“ sagði Erna Björg.

Geirskiptin innlána (M.kr.)



erum enn á byrjunarreit með það að meðtaka þessar breytingar en ég held að það sé skýrt hvert við erum að stefna. Áhættutaka þarf að aukast með vel ígrunduðum og varfærum skrefum í samræmi við áhættuþol.“

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri sagði í viðtali við Markaðinn í síðustu viku að hann vonaðist eftir því að lægri vextir myndu ýta fjármagn yfir í áhættusamari fjárfestingar. Það gæti tekið tvö ár.

Innlán alls (M.kr.)



„Þegar vaxtastigið er orðið svona lágt hætta skuldabréf að gefa af sér beint tekjuflæði. Oft er sagt að hlutabréf breytist í skuldabréf við slíkar aðstæður. Rótgróin íslensk rekstrarfélög, sem geta greitt út ágætis arð, verða þá talin öruggur fjárfestingarkostur og skila reglulegu tekjuflæði til fjárfesta eins og skuldabréf hafa hingað til gert,“ sagði Ásgeir.

Seðlabankastjóri sagðist telja að fjármálamarkaðurinn hér á landi væri ekki enn búinn að meðtaka þær grundvallarbreytingar sem fylgja því að vextirnir séu orðin

svona lágir. Íslenskir fjármagnseigendur hefðu verið nokkuð góðu vanir á undanförunum árum og það hefði reynst þeim fremur auðvelt að fá áhættulausa ávöxtun. Til þess að fá ávöxtun við þessar aðstæður þyrftu fjárfestar hins vegar að taka áhættu.

„Með lækkandi vöxtum verða hlutabréfakaup vonandi eftirsóknarverðari fjárfestingarkostur en eftir fjármálaáfallið hefur hlutabréfamarkaðurinn verið alltof lítill og almenningur hefur verið hræddur að kaupa hlutabréf. thorsteinn@frettabladid.is

Félag Skúla og meðfjárfesta er eigandi alls hlutafjár Play

Félagið FEA ehf., sem er í eigu Skúla Skúlasonar og hóps fjárfesta, varð eigandi allra hluta í flugfélaginu Play í byrjun maí. Þetta kemur fram í tilkynningu til fyrirtækjaskrár.

Félag Skúla, sem er einn eigenda flugþjónustufyrirtækisins Airport Associates og framkvæmdastjóri Express, umboðsaðila hraðsendingafyrirtækisins United Parcel Service á Íslandi, eignaðist Play þegar flugfélagið gat ekki greitt til baka brúarlán sem FEA veitti því fyrir í vetur.

» Skúli eignaðist Play þegar flugfélagið gat ekki greitt til baka brúarlán sem félag hans hafði veitt því fyrir í vetur.

Arnar Már Magnússon, forstjóri Play, staðfestir eigendaskiptin í samtali við Markaðinn. Hann segir að flest sé frágengið hjá Play nema kynning á áfangastöðum.

„Við erum með áform um áfanga-



Skúli Skúlason, eigandi Play.

staði en fyrstu þurfum við að sjá hvernig COVID-áhrifin þróast vegna þess að við viljum ekki lofa einhverju sem við getum ekki staðið við út af ytri aðstæðum,“ segir Arnar Már.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur ráðgjafarfyrirtækið Eldjárn Capital, sem er í eigu Bjarnólfs Lárussonar og Ásmundar Gíslasonar, unnið að fjármögnun félagsins.


Skúli, sem varð stjórnarformaður Play í kjölfar eigendaskiptanna, sagði í viðtali við Viðskiptablaðið um miðjan júní að Play væri að

„brenna á bilinu 200 til 300 þúsundum evra á mánuði í reksturinn“ sem samsvarar tæplega 50 milljónum króna.

Félagið gæti vel staðið undir því þangað til tekjurnar byrjuðu að streyma inn en hann sagðist vona að það yrði í haust. „Við erum með aðgang að nægri fjármögnun til að fara í loftið,“ sagði Skúli.

Þá sagði hann að allt væri tilbúið fyrir frágang á leigu á flugvélum en Play horfir eingöngu til Airbus-véla í þeim efnum. Ekki náðist í Skúla við vinnslu fréttarinnar. – þfh

Innviðir sem vaxa með fyrirtækinu og kostnaður sem byggir á þörf



Við bjóðum hýsingar- og rekstrarlausnir
sem mæta kröfum nútímalegs atvinnulífs



Opin Kerfi

Hyggjuvit stjórnenda getur brugðist

Kristín Friðgeirsdóttir, alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi, segir mikil tækifæri fyrir íslenskt viðskiptalíf til að vanda ákvarðanatöku. Hyggjuvitið getur brugðist í umhverfi sem breytist hratt. Segir mikilvægt að gera greinarmun á ákvörðunum og niðurstöðum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Mörg fyrirtæki á Íslandi standa sig vel en á heildina litið tel ég að þau hafi tækifæri til að bæta sig verulega þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir. Það felst mikill ávinningur í því að vanda til verka," segir Kristín Friðgeirsdóttir, sem er alþjóðlegur stjórnendaráðgjafi, stjórnarmaður í TM, Distica og Völku og fyrrverandi stjórnarformaður Haga.

Kristín gegnir einnig prófessorsstöðu við London Business School. Hún hefur aðstoðað fjölda stórfyrirtækja í ýmsum geirum við ákvarðanatöku vegna stærri verkefna, þar með talið tryggingafyrirtækið Lloyds, sælgætisframleiðandann Mars og flugfélagið Lufthansa, en starfar nú í auknum mæli hérlendis.

Kristín segir að mikil gróska sé í íslensku atvinnulífi, stjórnendur áhugasamir um að læra og hafi metnað til að standa sig betur. Þegar kemur að mikilvægum ákvörðunum leggi fyrirtæki erlendis áherslu á að faglega sé staðið að þeim. Þau líti á ákvarðanatöku sem ferli sem hægt sé að bæta og þjálf stjórnendur sína til þess.

„Ég held að hér á landi sé oft verið að taka stórar ákvarðanir út frá hyggjuviti en ekki endilega með skipulögðum hætti. Það þýðir að það er mjög erfitt að læra af fyrri ákvörðunum um hvað gekk vel og hvað fór ekki eins og búist var við. Þetta getur verið sérstaklega slæmt í umhverfi sem breytist hratt því þá byggir hyggjuvitið á reynslu sem ekki á lengur við," segir Kristín og tekur dæmi:

„Við vorum að skoða einn fjárfestingarkost sem enginn var sérstaklega spenntur fyrir. Hann leit ekki nógu vel út við fyrstu athugun. Eftir að hafa farið í gegnum tölurnar og greint aðra valkosti þá var niðurstaðan sú að fjárfestingin væri mjög vænleg. Hyggjuvitið hefði brugðist okkur ef við hefðum einungis reitt okkur á það," segir Kristín.

Varist hugsanaskekkjur

Í miklu óvissuástandi verður oft ekki hjá því komist að reida sig á hyggjuvitið þar sem tíminn er af skornum skammti og gögn og greiningar liggja ekki fyrir. Í þeim tilfellum er mikilvægt að gera sér grein fyrir hugsanaskekkjum sem geta villt stjórnendum sýn.

„Við sem stjórnendur höfum tilhneigingu til þess að einblína of mikið á einn valkost sem er á borðinu. Hvort að fyrirtækið eigi



Kristín hefur aðstoðað fjölda erlendra stórfyrirtækja við ákvarðanatöku vegna stærri verkefna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þeir stjórnendur sem vanda ferlið við ákvarðanatöku ná betri árangri og finna tækifæri sem voru ekki augljós í upphafi þó að í stöku tilfellum valdi niðurstaðan vonbrigðum.

að velja þann kost eða gera ekkert. Við eigum erfitt með að stiga til baka og leita uppi aðra kosti sem geta staðið til boða. Annað dæmi er að við eigum erfitt með að meta áhættu með hlutlægum hætti og höfum sérstaka tilhneigingu til að halda að nýlegir atburðir, atburðir sem við munum, séu líklegri en aðrir. Það hjálpar mikið að vita af þessum hugsanaskekkjum þegar við þurfum að reida okkur á hyggjuvitið," segir Kristín.

Góð ákvarðanatöku tryggja þó ekki alltaf góðar niðurstöður að sögn Kristinar og gera þurfi skýran greinarmun á þessu tvennu.

„Við getum tekið vandaða ákvörðun en svo líður tíminn og í

ljós kemur að niðurstaðan er ekki sú sem búist var við. Það þýðir þó ekki endilega að ákvörðunin hafi verið slæm og hún eigi að vera dæmd sem slík. Í þeim skilningi er ákvörðun og niðurstaða ekki sami hluturinn," segir Kristín.

„Í óvissuástandi, eins og ríkir í dag, getum við tekið vandaða ákvörðun en út af óvissunni þá stýrum við ekki niðurstöðunni. Það er mikilvægt að læra af slæmum niðurstöðum og átta sig á því hvort það séu tækifæri til að bæta ákvarðanatökuna eða hvort slæma niðurstaðan sé eðlileg afleiðing af því að taka áhættu. Þeir stjórnendur sem vanda ferlið við ákvarðanatöku ná betri árangri og finna tækifæri sem voru ekki augljós í upphafi þó að í stöku tilfellum valdi niðurstaðan vonbrigðum.“

Markmið togast á

Munurinn á ákvarðanatöku og niðurstöðu getur einnig skipt máli þegar fyrirtæki hanna umbunarkerfi fyrir starfsmenn. Kristín bendir á að mun auðveldara sé að umbuna fólki fyrir niðurstöður, til dæmis sölu- og hagnaðartölur, heldur en að umbuna fyrir ferlið sem býr að baki. Umbun fyrir niðurstöður

leiðir hins vegar oft til of mikillar áhættutöku. Ef hvetja á til góðrar ákvarðanatöku er rétt að umbuna í samræmi við það. „Mörg stórfyrirtæki hafa áttað sig á þessu og haga umbunarkerfum sínum þannig að þau byggja frekar á gæðum ákvarðanatöku heldur en niðurstöðum.“

Kristín hefur unnið með fjölmörgum stjórnendum fyrirtækja erlendis og á Íslandi til þess að bæta ákvarðanatöku, móta stefnu, hanna lykilmælikvarða og fleira. Hún segir að venjulega fari umtalsverð vinna í að sammælast um hvert markmið ákvörðunarinnar sé.

„Þegar ég hef unnið með stjórnendateymum er mjög algengt að mismunandi stjórnendur hafi ólík markmið í huga. Einn einblínir á vöxt, annar á gæði og sá þriðji á kostnað. Þessi markmið togast síðan á og valda því að illa gengur að meta mismunandi valkosti og að taka ákvörðun. Í svona tilfellum þarf að vinna með fólki og fastsetja hver séu hin raunverulegu markmið út frá framtíðarsýn fyrirtækisins," segir Kristín.

Þarf ekki að vera flókið en krefst agaðra vinnubrögða

Þá segir hún að rekstrarumhverfi

sem tekur stöðugum breytingum vegna tækniframfara krefjist þess af stjórnendum að þeir læri hratt og tileinki sér nýjar nálganir. Það aftur krefjist auðmýktar gagnvart hyggjuvitinu.

„Leiðtoginn, sem mun farnast vel á næstu árum, er sá sem er ekki fastur í sömu hjólförum, er snöggur að tileinka sér nýjungar og bregst fljótt við breyttu umhverfi. Leiðtogar þurfa að búa til umhverfi innan fyrirtækja sinna þar sem þeir fá nauðsynlegar upplýsingar og geta treyst á ferla sem nýtast þeim sem best við að taka ákvarðanir," segir Kristín.

Til að bæta ákvarðanatöku þarf að tileinka sér öguð vinnubrögð. Ferlið þarf ekki að vera flókið en það er mikilvægt að æfa sig strax á minni ákvörðunum til þess að búa sig undir þær stóru. Það er ekki vænlegt til árangurs að byrja fyrst að tileinka sér fagleg vinnubrögð þegar mikið er undir.

„Ég sé mikil tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf til þess að ná enn betri árangri með þessum vinnubrögðum. Það þarf ekki að vera flókið að vanda ákvarðanatöku en það er vel þess virði til þess að ná sem oftast góðum niðurstöðum," segir Kristín.

Valitor tapaði nærri 10 milljörðum króna í fyrra

Valitor Holding, sem er í eigu Arion banka, skilaði samtals 9,54 milljarða króna tapi í fyrra og fimmfaldaðist tapið á rekstri samstæðunnar frá fyrra ári. Þar munaði mestu um rúmlega 5,8 milljarða króna tap vegna aflagðrar starfsemi sem tengist einkum sölu á alrásarlausnum (e. omni-channel solutions), vörulínu fyrir evrópsk stórfyrirtæki, sem hafa ekki staðið undir væntingum og hefur Valitor dregið verulega úr fjárfestingum í þeirri starfsemi.

Í nýjum ársreikningi Valitor Holding, sem var samþykktur á aðalfundi félagsins í lok síðasta mánaðar, kemur fram í skýrslu

stjórnar að á árinu 2019 hafi félagið tekist á við „meiri áskoranir en nokkru sinni fyrr í rekstrinum. Stærsti viðskiptavinur félagsins í færsluhirðingu [Stripe] ákvað að verða eigin færsluhirðir og flutti því viðskiptin frá Valitor í júlí 2018. Þetta hafði veruleg áhrif á tekjur og færsluvöxt sem var þó að hluta til vegið upp af lægri sölukostnaði. Jafnframt stóð fyrirtækið frammi fyrir sömu áskorunum og það gerði árið 2018, þar á meðal mikilli samkeppni í greiðslumiðlun á öllum mörkuðum með tilheyrandi minni framlegð," segir í skýrslunni.

Heildartekjur Valitor, sem var að meðaltali með rúmlega 400 manns



Herdis Fjeldsted tók við sem forstjóri Valitor í mars síðastliðnum.

í vinnu á Íslandi, Danmörku og Bretlandi í fyrra, námu 15,9 milljörðum króna og drógust saman um nærri 4,5 milljarða á milli ára, fyrst og fremst vegna samdráttar í

þóknunartekjum vegna færsluhirðingar. Rekstrartap félagsins var 4,2 milljarðar króna borið saman við 1,3 milljarða á árinu 2018. Samtals nam launakostnaður félagsins tæplega sex milljörðum króna í fyrra og jókst um meira en milljarð á milli ára. Alls voru bókfærðar 457 milljónir króna í árslok vegna starfslokagreiðslna á árinu 2020.

Eigið fé félagsins var um 4,5 milljarðar króna í árslok 2019 og eiginfjárlutfallið 13,7 prósent. Í apríl síðastliðnum var hlutfé Valitor Holding aukíð um 3,5 milljarða þegar Arion banki skuldbreytti láni sínu á hendur félaginu í hlutfé.

Í skýrslu stjórnar Valitor segir að

rekstrarhæfi félagsins sé tryggt og að félagið hafi nægt lausafé til að mæta neikvæðu fjárfreymsi í náinni framtíð. „Verulegar breytingar hafa verið gerðar til að endurheimta arðsemi með það að markmiði að EBITDA verði jákvæð innan tveggja ára. Skerpt hefur verið á áherslum í rekstri og fækkað í mannafla. Framtíðaráætlanir byggja á þeirri stefnu að Valitor einbeiti sér fyrst og fremst að færsluhirðingarlausnum (fyrir litil og meðalstór fyrirtæki og stærri samstarfsaðila sem endurseljji til evrópskra viðskiptaaðila), auk þess að bjóða upp á útgáfulausnir fyrir íslenska banka," segir í skýrslunni. – hae

Jafnaðu þig hjá Orkunni



Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!



Lykil- og korthafar skrá
sig í kolefnisjöfnun
á orkan.is



7 króna afsláttur
af hverjum lítra fer
í kolefnisjöfnun



Votlendissjóðurinn
kolefnisjafnar þitt
framlag



Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is



Ragnar Þór stundaði íþróttir á árum áður. Þar gilda sömu lögmál og í viðskiptum þegar raðað er saman í lið. „Það þarf að raða saman hópi þar sem hver treystir öðrum, hver hvetur annan áfram og hlakka

Áhersla á að halda áfram að vaxa eftir COVID-19

Fyrirtækið hefur tekið stakkaskiptum frá árinu 2006 og vikkað út starfsemina. Veltan jókst úr tveimur milljörðum króna árið 2012, í 5,5 milljörðum árið 2019. Þegar segir mikilvægt að hafa gaman og leggur upp úr því að eiga ekki í samstarfi við birgja sem eru leiðinlegir. Mikilvægt að ráða fólk sem smíðar

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Öryggismiðstöðin hefur vaxið hratt frá því að Ragnar Þór Jónsson tók við sem forstjóri. Starfsmenn voru um 100 árið 2006 en voru 500 síðasta sumar. Bregðast þurfti við breyttum aðstæðum vegna kórónaveirunnar og eru starfsmenn nú um 400. Fyrirtækið byggir á mörgum stöðum sem allar má tengja við lykilstyrkleika félagsins, sem er gífurlega öflug tækniþjónusta og stjórnstöð með viðbragðsþjónustu allan sólarhringinn.

„Það er í DNA fyrirtækisins að vilja vaxa, dafna og vera í forystu,“ segir hann. „Þegar ég tók við voru umsvif Öryggismiðstöðvarinnar um þriðjungur af helsta keppinaut okkar. Nú er umfangið álika mikið. Reksturinn okkar hefur að sama skapi verið betri. Félagið var á þessum tímamarki mjög hefðbundið öryggisfyrirtæki.“

Árið 2012 velti fyrirtækið um

tveimur milljörðum króna en í fyrra námu tekjurnar 5,5 milljörðum króna. „Frá því að ég tók við hefur fyrirtækið í raun tekið stakkaskiptum og með frábæru starfsfólki hefur starfsemin verið útvíkkuð verulega,“ segir hann aðspurður.

Vöxtur byggður á styrkleikum
Hver voru mikilvægustu skrefin í átt til vaxtar?

„Við töldum að það takmarkaði vaxtarmöguleika fyrirtækisins að horfa á Öryggismiðstöðina einvörðungu sem öryggisfyrirtæki. Við áttuðum okkur á að fyrirtækið býr yfir tveimur lykilstyrkleikum: Starfsmenn fyrirtækisins eru á vakt allan sólarhringinn og tækniþjónusta er feikilega öflug. Lausnir sem byggja á þessum styrkleikum henta því rekstrinum vel. Með þeim hætti að nýta þessa styrkleika og horfa víðar yfir sviðið gátum við staðkætt búið til verulega og aukid umsvifin. Við tókum mikil fjárfesting í viðskiptaþróun sem hefur verið grunnurinn að vexti fyrirtækisins.“

Horfðu þið til erlendra fyrirmynnda? Horfa erlend öryggisfyrirtæki jafn vítt á sitt starfsvið?

„Nei, almennt ekki, enda eru markaðir erlendis yfirleitt af þeirri

Miðað við lykilstyrkleika fyrirtækisins, sem er framúrskarandi tækniþjónusta og sólarhrings vakt auk einstaks hugarfars starfsmanna, á fyrirtækið að geta vaxið um tíu til 20 prósent á ári.

stærðargráðu að það er einfaldara að halda sérhæfingu. Það er hins vegar í okkar DNA að vilja vaxa, dafna og vera í forystu. Það hentar okkur best. Þannig má segja að breytt áhersla og menning í fyrirtækinu hafi drifið áfram þennan mikla vöxt.“

Til viðbótar við hefðbundna öryggisgæslu býður fyrirtækið til sölu sjúkrarúm, hjólastóla, framleiðir ökskúrtíni, selur slökkvitæki, hefur hjúkunarfræðinga í vinnu sem taka blóðsýni úr þeim sem grunaðir eru um ölvun við akstur, selur bókasafnsvelar, er að setja upp nýja kynslóð hraðeftirlitsmyndavéla fyrir Vega-gerðina, selur bílastæðakerfi fyrir

bílastæðahús og hefur selt Isavia landgöngubrýr sem eru á leiðinni til landsins. Til viðbótar er rekið verkstæði sem gerir við hjólastóla, göngugrindur, rafskutlur og breytir bílum fyrir fatlað fólk.

„Við höfum fundið leiðir til að leysa þau verkefni vel sem við tökum að okkur. Við undirbúum okkur vel og setjum vörur og þjónustu á markað þegar við erum fullviss um gæðin. Þannig settum við til dæmis fyrst öryggisfyrirtækja á markað Snjallöryggi, nýja og snjallari kynslóð öryggiskerfa og nú síðast snjallari öryggishnappa, sem tengja betur saman notanda hnappsins, öryggisþjónustu okkar og aðstandendur í gegnum svokallað fjölskylduapp.“

Hvernig skiptast tekjur Öryggismiðstöðvarinnar?

„Reksturinn skiptist í grunninn í öryggisvið, tækniþjónusta og búnaðarsölu. Tekjurnar skiptast nokkuð jafnt á milli sviða. Um 90 prósent af okkar tekjum koma frá fyrirtækjum og stofnunum en 60 prósent af viðskiptavinum okkar eru einstaklingar. Meginhluti veltu er því á fyrirtækjahliðinni þó fjöldi viðskiptavina sé meiri á einstaklingsmarkaði.“

Breyttur hugsunarháttur
Hvernig tókst fyrirtækinu að auka umsvifin verulega og skila hagnaði á sama tíma?

„Við höfum gætt ihaldssemi í fjármálum og valið af kostgæfni þau nýju tækifæri sem við gripum. Það var engu að síður meiriháttar vinna sem fór í að breyta hugsunarhætti starfsfólks og tók langan tíma að fá það með í þessa vegferð.“

Hvað þurfti að gera til að fá starfsfólkið með í breytingarnar?

„Starfsfólkið þurfti að öðlast aukid sjálfstraust og ríkari trú á eigin hæfileikum. Sjálfstraust þess jókst með hverju skrefi sem við tókum. Fyrst fórum við í eitt verkefni og þá jókst sjálfstraustið, svo var farið í annað verkefni og þá fylltist það enn meiri trú á sér. Með auknum verkefnum og árangri í því sem við tókum okkur fyrir hendur sá starfsfólkið að það réð vel við breytingar. Við njótum líka góðs af því að tækniþjónusta okkar elskar að takast á við nýjar áskoranir.“

Okkur helst vel á starfsfólki, því liður vel hérna. Þeir sem hafa eldmóð fá fleiri verkefni og vaxa í starfi. Það hafa margir til dæmis byrjað sem öryggisverðir og unnið sig upp.“



Íslenskt neftóbak hefur notið mikilla vinsældir á liðnum árum.

Vilja frekari upplýsingar um fjárhag ÁTVR

Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir því við forsvarsmenn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins að kostnaður við rekstur fyrirtækisins verði sundurliðaður eftir kostnað vegna sölu á áfengi annars vegar og tóbaki hins vegar. Þetta staðfesti Ríkisendurskoðun við Markaðinn í gær.

Áfengissala á árinu 2019 nam tæplega 27,3 milljörðum króna en tóbakssala hljóðaði upp á 9,6 milljarða. Hagnaður ársins 2019 var ríflega einn milljarður.

» Ætla má að töluvert tap sé á rekstri áfengishluta ÁTVR á meðan mikill hagnaður er af tóbakssölu.

Í ársreikningnum kemur ekki fram hver aðgreindur kostnaður vegna áfengis- og tóbakssölu er, en takmörkuð dreifing á tóbaki og fá stöðugildi tengd þeim hluta starfseminnar gefa sterklega til kynna að hagnaður af tóbakssölu standi undir töluverðu tapi af áfengishlutanum, samkvæmt heimildarmönnum Markaðarins.

Ætla má að áfengishluti ÁTVR hafi verið rekinn með tapi upp á ríflega 200 milljónir króna á árinu 2018, á meðan tóbakssalan skilaði hagnaði upp á 1,3 milljarða, samkvæmt mati Arnars Sigurðssonar, sem er vinnuflytjandi. „Í lögum um ÁTVR segir að fyrirtækið skuli starfa með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi og vinna gegn skadlegri neyslu áfengis. Niðurgreiðsla á sölu áfengis fyrir atbeina tóbakssölu getur varla samræmst þessu markmiði laganna,“ segir Arnar í samtali við Markaðinn.

Samkvæmt núverandi lögum hvílir ekki lagaskylda á ÁTVR að vera með fjárhagslegan aðskilnað á bókhalda milli smásölu á áfengi og tóbaki. Fyrirtækið gefur upp aðskildar sölutölur, en ekki aðfangakostnað. Ekki náðist í Sigurínu Ósk Sigurðardóttur, aðstoðarforstjóra og fjölmiðlatengilið ÁTVR, við vinnslu fréttarinnar. – Þg

Athugasemd SKE við Skotsilfri

Samkeppniseftirlitið vill kom á framfæri athugasemdem vegna Skotsilfrs Markaðarins sem birtist í síðustu viku og fjallaði um kaup Festar á versluninni Super1 við Hallveigarstig.

Í fyrsta lagi segir í athugasemdinni að ekki sé rétt að eftirlitið hafi gert áskilnað um að tiltekna verslanir í eigu Haga yrðu seldar til allra annarra en Festar.

Í öðru lagi vill Samkeppniseftirlitið leiðrétta að það hafi samþykkt kaup Festar á verslun Ísborgar, rekstraraðila Super1. Svo sé ekki en hins vegar hafi það veitt samrunaaðilum undanþágu frá banni samkeppnislaga um framkvæmd samruna og metið Festi hæfan kaupanda. Nánari athugun á samkeppnislögum áhrifum er óloklið.

Afrísk dótturfélög drífi áfram tekjuvöxt Creditinfo næstu ár

Tekjuvöxtur rekstrareininga í Afríku gæti numið 30% á ári næstu tvo áratugi. Creditinfo rekur starfsemi í alls ellefu Afrikulöndum. Um 10 prósent af tekjum fyrirtækisins mátti rekja til starfseminnar í Afríku á árinu 2019. Hagnaður Creditinfo meira en tvöfaldaðist milli ára og nam 3,38 milljónum evra á árinu.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Mikill vöxtur í umsvifum Creditinfo í Afríku var meðal þess sem orsakaði stórbætta afkomu fyrirtækisins á síðasta ári, segir Reynir Grétarsson, aðaleigandi og stjórnarformaður Creditinfo. Um 10% af tekjum fyrirtækisins á síðasta ári mátti rekja til starfseminnar í Afríku. Vöxtur umsvifa í Afríku gæti orðið ævintýrlegur á næstu áratugum, segir Reynir.

Creditinfo hagnaðist um 3,38 milljónir evra á árinu 2019, sem var meira en tvöföldun frá árinu áður.

Þrátt fyrir að mikill hagvöxtur hafi mælst í mörgum ríkjum Afríku á síðustu árum er margt sem stendur vexti smærri og meðalstórra fyrirtækja álfunnar fyrir þrifum. Fjárfesting er að miklu leyti afmörkuð við stór verkefni á borð við uppbyggingu innviða og auðlindanýtingu.

Í þróuðum hagkerfum eru smá og meðalstór fyrirtæki jafnan aflvaki hagvaxtar og atvinnusköpunar. Víða um Afríku er því verk að vinna við uppbyggingu innviða og upplýsingakerfa er snúa að fjármögnun smærri fyrirtækja.

„Til þess að fjármálakerfi virki þarf þrjú hluti; greiðslumiðlun, eignaskráningu og aðgang að fjárhagsupplýsingum,“ segir Reynir. Víða sé það svo að svokallaðar smáfjármögnunarlausnir (e. micro-financing) séu eina leið einyrkja og smærri fyrirtækja til að leita sér fjármögnunar.

Vegna þess að mikill skortur sé á upplýsingum um skilvísi og fjárhagsstöðu séu slík lán oft veitt á vöxtum sem mælast í hundruðum prósentu.

Mikil vanskil kalla á okurvexti Reynir segir að í samtali við banka- stjóra frá Filabeinsströndinni hafi komið fram að vanskil einstaklinga, einyrkja og smærri fyrirtækja væru vanalega í kringum 80% þar í landi. Þar af leiðandi þurfi að bæta upp fyrir þær afskriftir með himinháum vöxtum.

Með betri fjárhagsupplýsingum geti fjármálafrýðing álfunnar tekið betri ákvarðanir um fyrir-



Dótturfyrirtæki Creditinfo í Marokkó tvöfaldaði veltu sína á riflega þremur árum. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

46,7

milljónir evra voru heildartekjur Creditinfo Group í fyrra.

greiðslu til viðskiptavina sinna, sem mun síðan leiða af sér betri kjör og þar með hraðari uppbyggingu fyrirtækja og öflugra atvinnustig.

Reynir nefnir að erlend fyrirtæki hafi veigrað sér við að fara inn á markaði í Afríku. „Það sem nýtist okkur er að við komum af litlum markaði þar sem hlutirnir mega ekki kosta of mikið.“ Þegar Creditinfo hóf innreið sína á markaði í Austur-Evrópu á síðasta áratug hafi sömu kraftar unnið með fyrirtækinu og nú í Afríku, þar sem lausnir samkeppnisaðila voru einfaldlega miklu dýrari.

30% árlegur vöxtur næstu 20 árin

Heildartekjur Creditinfo á árinu 2019 námu um 46,7 milljónum evra, en þar af var um tíundi hluti vegna starfsemi í Afríku. „En þess hluti starfseminnar vex miklu hraðar en allt annað hjá okkur. Það má vel búast við 30% árlegum tekjuvexti í Afríku næstu tvo áratugin,“ segir Reynir.

Sem stendur er Creditinfo með starfsemi í Keníu, Tansaníu, Senegal, Filabeinsströndinni, Gíneu-Bissau, Malí, Búrkína Fasó, Níger, Benín, Tógó og Marokkó. Í síðastnefnda landinu festi Creditinfo kaup á fyrirtæki síðla árs 2015 og tókst að tvöfalda veltu á riflega þremur árum og nam 2,8 milljónum evra 2019. Í Keníu tókst að tvöfalda veltu á einu ári og hljóðaði rekstrarhagnaður upp á 500 þúsund evrur árið 2019.

Bakslag leiðir af sér byltingu

Nokkurt bakslag kom í starfsemi Creditinfo í Afríku vegna farsóttarinnar sem hóf reið sína yfir heiminn í mars á þessu ári. Notkun lausna Creditinfo dróst saman um 50–80% þegar verst var.

» Það sem nýtist okkur er að við komum af litlum markaði þar sem hlutirnir mega ekki kosta of mikið.

Reynir Grétarsson, stjórnarformaður Creditinfo



Reynir bendir á að enn sem komið er sé nauðsynlegt að gera sér ferð í bankaútibú til að nýta sér þjónustu fyrirtækisins í flestum ríkjum Afríku.

Þegar útgöngubanni var komið á í Afríku líkt og víða um heim hafi verið einsýnt að notkunin myndi minnka. „En þetta er strax farið að jafna sig aftur og ég held að atburðir síðustu mánaða muni mjög hraða innleiðingu stafrænna lausna í bankþjónustu í mörgum Afríkuríkjum. Á síðustu árum höfum við séð slíkar byltingar þjóta áfram miklu hraðar þar en á öðrum stöðum,“ segir hann.

KEA hagnaðist um 81 milljón króna

Hagnaður fjárfestingafélagsins KEA, sem er samvinnufélag staðsett á Akureyri, nam 81 milljón króna árið 2019. Til samanburðar tapaði fjárfestingafélagið 128 milljónum króna árið áður. Hreinar fjárfestingatekjur jukust úr 73 milljónum króna í 280 milljónir króna á milli ára. Arðsemi eiginfjár var eitt prósent á árinu 2019.

Eignir KEA drógust saman um 178 milljónir króna á milli ára og námu 8,1 milljarði króna. Það á hluti í óskráðum fyrirtækjum sem metnir eru á 4,4 milljarða, skráð skuldabréf fyrir 1,6 milljarða króna og fasteignir fyrir um 1,1 milljarð króna.

Á meðal óskráðra eigna KEA má nefna 44 prósentu hlut í Jarðböðunum sem metinn er á tvo milljarða króna, 5,5 prósentu hlut í Samkaup-



KEA á 44 prósentu hlut í Jarðböðunum sem metinn er á tvo milljarða króna.

» Arðsemi eiginfjár fjárfestingafélagsins KEA á árinu 2019 var eitt prósent.

um, metinn á 451 milljón króna, og 22 prósentu hlut í Norlandair metinn á 246 milljónir króna. Á meðal annarra fyrirtækja í eignasafninu má nefna Íslensk verðbréf og Slippinn Akureyri.

Í fyrra keypti KEA meðal annars 12,5 prósentu hlut í Sérleyfisbílum Ak-Norðurlandi á 59 milljónir króna. Miðað við það er rútfyrirtækið metið á tæpar 500 milljónir króna. Fjárfestingafélagið keypti jafnframt 17 prósentu hlut í fiskvinnslunni Marúlfi á Akureyri fyrir 54 milljónir króna. – hvj



Helgi Már Þórðarson og Maron Kristófersson, stofnendur AHA. Rafmagnsnotkun dróna er hverfandi samanborið við bíl sem sinna myndi sama erindi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

AHA vinnur með Boeing að drónaflugi

Evrópusambandið leggur verkefninu til um 300 milljónir króna. Evrópsk flugmálayfirvöld og franska borgin Toulouse eru þátttakendur. AHA hefur gert tilraunir með dróna í fjögur ár. AHA aðstoðaði bresk heilbrigðisvörð með hvernig þau gætu nýtt dróna.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Íslenska fyrirtækið AHA tekur þátt í verkefni á vegum Evrópusambandsins um það hvernig standa meggi að flutningi á vörum með drónum og leigubílaþjónustu í ómönnum loftföllum. Af öðrum sem taka þátt í verkefninu má nefna flugvélaframleiðandann Boeing, evrópsk flugmálayfirvöld og frönsku borgina Toulouse. Evrópusambandið leggur verkefninu til tæplega tvær milljónir evra, eða um 300 milljónir króna.

Þetta segja Maron Kristófersson og Helgi Már Þórðarson, stofnendur og aðaleigendur AHA, í samtali við Markaðinn. AHA þróar netverslunarkerfi og býður upp á dreifingu á vörum sem keyptar eru á netinu. Á meðal viðskiptavina eru Nettó og Pfaff og veitingastaðirnir Eldsmíðjan og Blackbox.

Maron segir að settur hafi verið saman hópur með eins breiða þekkingu á viðfangsefninu og mögulegt var til að geta dregið upp raunhæfa framtíðarsýn hvað drónaflug varðar. Aðspurður segir hann að óskað hafi verið eftir aðkomu AHA.

Minnir á tilraunir með rafmagnsbíla

Maron líkir tilraunum fyrirtækisins með dróna við það þegar AHA hóf að prófa sig áfram með rafmagnsbíla. „Við keyptum fyrsta rafmagnsbílinn árið 2015. Við keyrðum hann ítrekað þar til bíllinn varð rafmagnslaus og lærðum hvernig ætti að greina og standa að rekstri bílanna. Nú eigum við 22 rafmagnsbíla. Það hefur sýnt sig að það er mun hagkvæmara en að reka bensínbíla. Þeir eru

nákvæmari í akstri og því verða færri tjón, einkum þegar þeim er bakkað, og þeir eru ódýrari í rekstri; bæði hvað varðar viðhald og ekki þarf að greiða háan eldsneytskostnað. Við keyrum mikið. Á hverjum degi keyrðum við aðeins lengra en til London og rafmagnsbílarinn hafa bráðum keyrt samanlagt tvisvar til tunglsins og til baka, eða um 1,5 milljónir kílómetra,“ segir hann.

Á Íslandi er gott að gera tilraunir með dróna enda er allra veðra von. Viða erlendis gæti þurft að bíða nokkuð lengi eftir tilraunaflugi í roki og rigningu.

Maron Kristófersson,
framkvæmdastjóri AHA

Tilraunir í fjögur ár

„Við höfum gert tilraunir með flutninga með drónum í fjögur ár. Á Íslandi er gott að gera tilraunir með dróna enda er allra veðra von. Viða erlendis gæti þurft að bíða nokkuð lengi eftir tilraunaflugi í roki og rigningu. Ísland er því fullkominn vettvangur til tilrauna af þessu tagi. Hvort það verði arðbært að reka drónaflug hér á landi þegar fram líða stundir á eftir að koma í ljós en það liggur í augum uppi að það verður arðbært erlendis,“ segir hann.

Að sögn Marons gerir flugvélaframleiðandinn Airbus ráð fyrir því að í París árið 2035 verði 20 þúsund ómönnum loftför á flugi á klukkustund.

„Það hlýtur að fækka akandi bílum á sama tíma um 10–15 þúsund,“ segir hann. Fyrirtæki á borð við Alphabet, eiganda Google, vinni að því að þróa flugumsjónarkerfi til að stýra drónaflugi.

„Kínverjar eru þegar byrjaðir að prófa sig áfram með að ferja fólk með drónum og Kitty Hawk, sem stofnendur Google fara fyrir, hefur þróað hljóðláta sjálffljúgandi flugvél til að flytja fólk á milli staða,“ segir hann.

Maron bendir á að rafmagnseyðsla dróna sé hverfandi samanborið við bíl sem myndi sinna sama erindi. „Bill er tvö tonn og flytur vörur sem eru mögulega innan við tvö til þrjú kíló. Dróni getur til dæmis verið ellefu kíló og borið svipaða þyngd af vörum. Þeir eru að sama skapi öruggari en bílar og mun hljóðlátari,“ segir hann.

Aðstoða Breta með dróna

Stofnendur AHA hafa metnað til að starfa á erlendri grundu. Fyrirtækið hefur til að mynda unnið með bresku heilbrigðisþjónustunni að því hvernig stofnunin gæti nýtt dróna í sinni þjónustu.

„Öll sú vinna sem leggja þarf í við þróun á netverslunarkerfi verður ekki nægilega arðbær á örmarkaði eins og Íslandi. Þess vegna leitum við út fyrir landsteinana þar sem

AHA hefur heildarlausn sem inniheldur ekki bara netverslun og öll tengd verkferli heldur líka rauntímahugbúnað sem sér um allt ferlið eftir að pöntun hefur verið gerð þar til viðskiptavinur hefur tekið við henni. Í slíkri heildarlausn munu drónar leika lykilhlutverk. Spurningin er hvort sú framtíðarsýn verði að veruleika eftir fimm, sjö eða níu ár. Reynslan sem við höfum þegar öðlast á því sviði mun skipta sköpum þegar fram í sækir.

Stórar erlendar keðjur sem við höfum átt í viðræðum við og velta álika miklu og dagvörumarkaðurinn hér heima átta sig á að vandinn við rekstur netverslunar felst líka í að sækja vörur, taka þær saman, og dreifa þeim á hagkvæman máta,“ segir Maron og nefnir að margar stórar verslanakeðjur erlendis hafa ekki náð að reka netverslanir með arðbærum hætti.

Maron segir að fyrirtækið hafi verið rekið réttum megin við strikið í fyrria. „Nýsköpunarfyrirtækið hefur náð þeim áfanga áður en fyrirtækið hefur verið rekið í á tíunda ár, alltaf á sömu kennitölunni. Uppbyggingin hefur að mestu verið fjármögnuð með tekjum en við höfum fengið þrjá fjárfesta til liðs við okkur sem deila sömu gildum. Við höfum vandað valið í þeim efnum en þeir eru lítt þekktir hér á landi,“ segir hann.

Stutt við íslenskar vörur þegar á reynir

Svipmynd

Katrín Amni Friðriksdóttir

Nám:

Hagfræðingur frá Háskóla Íslands. Er með mastersgráðu frá Domus Academy í Milano á Ítalíu í Luxury Management.

Störf:

Eigandi ráðgjafarfirmar Kamni – business & brands og meðeigandi og framkvæmdastjóri ICEHERBS – natural supplements.

Fjölskylduhagrir:

Tvær dætur, 6 og 10 ára, og kærasti.

Katrín Amni Friðriksdóttir, eigandi ráðgjafarfirmar Kamni – business & brands og framkvæmdastjóri ICEHERBS – natural supplements, segir að mestu áskoranirnar hjá ICEHERBS í tengslum við COVID-19 hafi verið að þurfa að stöðva vöruþróun sem og að fresta því að fara með nýjar vörur á markað á fyrri hluta þessa árs.

Hver eru þín helstu áhugamála?

Ég elska vinnuna mína og allt tengt henni. Ég er mikill jógaáðandi, en annars eru það skíðin á veturna og hjól á sumrin. Svo er það bara útivist, börnin mín og vinir. Podkóst, sjálfsrækt, meðvitað uppeldi og fólk.

Næru að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Ég reyni allavega. Ætli maður sé ekki alltaf að dansa í kringum þessa línu. Að eiga börn ýtir við manni stöðugt að ná þessu tiltekna jafnvægi. En ég reyni meðvitað að sleppa skjánotkun á milli klukkan 17-20 á daginn og einnig fyrsta klukkutímann eftir að ég vakna. Ég er orðin ágætlega góð í að slökkva á huganum á kvöldin og veit að sumu getur maður ekki breytt eða haft áhrif á fyrr en daginn eftir og því tilgangslaust að eyða orku í streitu og áhyggjur.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Sturta, grænt te, tek inn ICEHERBS bætiþefni, fer yfir dagskrá dagsins og markmið í huganum, sleppi skjánotkun fyrsta klukkutímann, knúsa börnin mín og út í daginn. Ég er frekar virk manneskja og hröð og reyni því að gera



„Ég er mikill jógaáðandi, en annars eru það skíðin á veturna og hjól á sumrin,“ segir Katrín Amni. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

allt mjög rólega og með rólegri rödd á morgnana. Tekst alls ekki alltaf.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Vá, stór spurning. Purpose eftir Ben Renshaw er frábær og mikið í takt við mína eigin sjálfsvinnu, sem ég hef unnið með markþjálfaranum mínum síðastliðin þrjú ár. Annars langar mig líka að nefna bókina Meðvirkni eftir Piu Mellody, hún er ein sú áhugaverðasta bók sem ég hef nokkurn tímann lesið og kom mér á óvart hve áhrifarík hún var. Sá lestur breytti viðhorfi mínu og viðbrögðum gagnvart svo mörgu í samskiptum og upplifun á aðstæðum í starfi og í leik.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?

Mest krefjandi verkefni eru líklega bara þau, eins og hjá örugglega flestum, að horfa með bjart-

sýnisaugun fram á veginn þrátt fyrir stóruandlega byrjun á árinu 2020 vegna COVID-19 faraldursins og afleiddra áhrifa vegna hans, stöðvun og frestun á verkefnum og samningum og margt fleira. Svo birtir alltaf til þannig að það eru spennandi tímar fram undan eftir nokkra mánuði.

Hjá okkur í ICEHERBS natural supplements, hafa mestu áskoranirnar verið þær að þurfa að stöðva og fresta vöruþróun og innsetningu nýrra vara á markað, sem voru áætlaðar í hillur á fyrri hluta þessa árs. En það er líka hægt að líta á tækifærin í því, þar sem við höfum getað rýnt enn frekar í hvert stig vöruþróunarinnar og fleira tengt því að koma nýrri vöru á markað, sem við kannski höfum ekki alltaf haft tímann í.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Hjá okkur í ICEHERBS er stór

Við finnum það líka í samstarfinu við smásöluna, verslanakeðjur og apótekin að það vilja allir styðja við íslensk fyrirtæki og íslenskar vörur, það er mikill stuðningur frá þeirri hlið, sem sýnir hvað við Íslendingar erum öflugir þegar á reynir.

áskorun að komast inn á erlenda markaði með sem minnstum tilkostnaði, en það er langhlaup. Annars er það auðvitað bara efna- hagsstaðan yfir höfuð, COVID og ráðstöfunartekjur heimilanna, þar sem við framleiðum og seljum vörur í smásölu. En landinn er jafnvel að

hlúa enn frekar að eigin heilsu núna en áður og eyðir meiri peningum hér á landi en erlendis, sem er jákvætt fyrir innlenda framleiðslu. Við erum líka með sterkan kunnahóp sem notar bætiþefni okkar að staðaldri, 12 mánuði á ári og erum við ótrúlega þakklát fyrir það, sérstaklega á tímum sem þessum. Við finnum það líka í samstarfinu við smásöluna, verslanakeðjur og apótekin, að það vilja allir styðja við íslensk fyrirtæki og íslenskar vörur, það er mikill stuðningur frá þeirri hlið, sem sýnir hvað við Íslendingar erum öflugir þegar á reynir.

Ef þú þyrftir að velja annan starfs- frama, hvað yrði fyrir valinu?

Ég er alltof hvatvis til þess að velja eitthvað eitt! Það væri þá eitthvað bara skemmtilegt stúss og vesen. En annars væri ég til í að vera jóga- kennari á Kosta Ríka og borða kókoshnetur í öll mál.

SÍA III keypti Men&Mice á 832 milljónir króna

SÍA III, sjóður í rekstri Stefnis, keypti 93 prósent hlut í tækni- fyrirtækinu Men&Mice á 832 milljónir króna í fyrra. Magnús Eðvald Björnsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og nokkrir aðrir lykilstjórnendur eiga það sem eftir stendur. Kaupverðið kemur fram í ársreikningi sjóðsins, sem er einkum í eigu lífeyrissjóða, fyrir árið 2019.

Fram kom í Markaðnum við kaup sjóðsins á tækniyrirtækinu í september í fyrra að hann myndi styðja við frekari vöxt félagsins. Men&Mice starfi á markaði sem vex tíu til 20 prósent á ári. Horft sé til vaxtar í Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Tekjur Men&Mice hafa vaxið hratt á undanförunum árum og námu 7,5 milljónum dollara, jafnvirði eins milljarðs króna, árið 2018. Á milli áruna 2017 og 2018 var vöxturinn 52 prósent. Hagnaður ársins 2018 var 2,2 milljónir dollara, jafnvirði 306 milljóna króna.

SÍA III hagnaðist um 465 millj-



Magnús Eðvald Björnsson, framkvæmdastjóri Men&Mice.

ónir árið 2019 til samanburðar við 302 milljónir króna árið áður. Hagnaðinn má rekja til gangvirdis- breytinga eignahluta í félögum. Eignir sjóðsins jukust úr 6,4 milljörðum króna í 8,7 milljarða króna á milli ára.

Sjóðurinn á hlut í félagi sem byggir fimm stjórnur Edition hótél við Hörpu, 70 prósent hlut í Lyfju, 65 prósent hlut í Gámaþjónustunni og 70 prósent hlut í vélsmiðjunni Hamri. – hvj

Uppbygging í fasteignapróun dró úr hagnaði Íslenskrar fjárfestingar

Hagnaður samstæðu Íslenskrar fjárfestingar nam 188 milljónum króna í fyrra, samanborið við þrjár milljónir króna árið áður. Tekjur jukust um 17 prósent á milli ára og námu 36,2 milljörðum. Arðsemi eigin fjár var fjögur prósent í fyrra. Eiginfjárlutfallið lækkaði um tvö prósentustig í 18 prósent.

Íslensk fjárfesting er í jafnri eigu Arnars Þórissonar og Þóris Kjartanssonar. Í fyrra greiddi félagið eignum sínum 64 milljónir króna í arð. Eigið fé samstæðunnar er 4,1 milljarður króna.

Fyrirtækið fjárfestir í ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og fasteignum. Það á meðal annars 73 prósent hlut í ferðaþjónustunni Kilroy, RR hótél, 90 prósent hlut í hjúkunarheimilinu Söltúni og stendur fyrir uppbyggingu íbúða á Kársnesi í Kópavogi.

Íslenskar fasteignir, sem Íslensk fjárfesting á 60 prósent hlut í, er með í stýringu verkefni þar sem framkvæmdavirði nálgast hátt í



Íslensk fjárfesting á meðal annars Hverfisgötu 21. FRÉTTABLAÐID/STEFNÁN

35 milljarða króna. Starfsmenn samstæðunnar voru 672 við lok árs.

„Mikil vinna fór í fasteignapróun- arverkefni og uppbyggingu á öldrunarþjónustu samstæðunnar og telja stjórnendur að rekstrarniður- stada ársins lýsi ekki vel hvernig til tókst á árinu. Standa vonir stjórn- enda til að síðar innleysti tölverður hagnaður, sem í dag er fastur í

fasteignapróunarverkefnum,“ segir í ársskýrslu fyrirtækisins.

Í byrjun árs var útlit fyrir að rekstur flestra fyrirtækja í eigu Íslenskrar fjárfestinga væri „á góðu röli“, segir í ársskýrslunni, en nú sé ljóst að rekstur í ferðaþjónustu verði erfiður vegna COVID-19. „Það er þó trú okkar að þau muni koma heil út úr þessu ástandi, en taka mun tíma fyrir þau að ná fyrri styrk.“ – hvj

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!

Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyr með ákominni láréttri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.** Húsin eru fjótreist þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrir.



Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins
108.200 kr.
pr/m² m. vsk



Sól sumarhús 66-111m²

Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fyrir með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur lofthæðina til muna. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins
108.200 kr.
pr/m² m. vsk



Klassik einbýlishús 100-400m²

Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verkmiðju á byggingastað sem við lánnum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins
114.200 kr.
pr/m² m. vsk



Funk einbýlishús 100-400m²

Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metrar, einbýlishús við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins
135.800 kr.
pr/m² m. vsk

Gluggar og hurðaprófilar koma frá hinu þekktu þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.


Sökkjar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

Ný lög varðandi virðisaukaskatt, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.

- Íslensk hönnun og framleiðsla.
- TwinWall tveggja þátta húseiningar.
- Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.
- Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.
- Timburhús eru heilnæmur íverustaður.
- Sterkari hús.
- Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.
- Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.
- Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.

HANNAÐ OG BYGGT
FYRIR ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

Skotsilfur



Hjákatlegt

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hafa sagt



að forsendur Lífskjarasamningsins séu brostnar vegna þess að ríkisstjórnin hafi enn ekki lagt bann við 40 ára verðtryggðum lánum. Þetta er hjákatlegt í ljósi þess að nær öll ný húsnæðislán eru óverðtryggð og seðlabankastjóri segir verðtrygginguna vera að deyjja út. Vextir eru sögulega lágir sem gerir óverðtryggð lán eftirsóknarverðari og útlit er fyrir að þeir haldist lágir til frambúðar. Þessi árangur er ekki sjálfgefinn. Verðtryggingin er ekki mál málanna í dag en það stöðvar ekki verkalýðsleiðtogana í því að valda usla án ástæðu.

Já, nei takk

Já Ísland dró saman seglin árið 2013 enda fengu hugmyndir samtakanna um inngöngu Íslands í Evrópusambandið



dræmar undirtektir hjá þjóðinni. En gallharðir Evrópusinnar sjá nú tækifæri í miðjum kórónufaraldrinum. Já Ísland hefur vaknað til lífsins og endurvakið baráttuna. Nú sést kostað efni á vegum samtakanna á samfélagsmiðlum en um er að ræða gamlar fréttir og skoðana-greinar sem eldast ekki vel í ljósi þess hvernig tekist hefur til á Íslandi annars vegar og evrusvæðinu hins vegar. Herferðin er ágætis áminning um það hversu gæfusöm íslenska þjóðin er fyrir að hafa ekki fylgt ráðleggingum hópsins sem að baki samtökunum stóð.

Þjóðvaldur

Nú þegar allt stefnir í fjölda-atvinnuleysi í haust þegar hlutabótaúrræði og uppsagnarfrestir renna sitt skeið hefur



stjórnarandstaðan sett atvinnumál Þorvaldar Gylfasonar á oddinn. Hvernig má það vera þegar horfur eru á að fimmti hver maður verði án atvinnu telji þingmenn stjórnarandstöðunnar það einna mikilvægast að tryggja verkefnastöðu Þorvaldar? Hann er eflaust hæfur til að gegna starfi ritstjóra norræns tímarits um efnahagsmál. En að eyða tíma nefnda Alþingis í þetta mál er óboðleg forgangsroðun.

Trump þvingar atvinnulífið til að ráða Bandaríkjamenn



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur sniðið innflytjendum þrengri stakk hvað varðar atvinnu til að auka atvinnustig á meðal innfæddra á tímum COVID. Stjórnendur fyrirtækja segja að það muni draga úr samkeppnishæfni landsins. Bann á útgáfu grænna korta, heimild til að dvelja um aldur og ævi í Bandaríkjunum, var framlengt til ársloka og heimild fjölda fólks sem vinnur þar var dregin til baka. Milljónir eru atvinnulausar. MYND/AFP

Samkeppnishæfara Ísland



Valur Þráinsson aðalhafnisskráningur Samkeppnis-eftirlitsins

Mikil óvissa ríkir nú um framvindu efnahagsmála um heim allan. Líkt og í kjölfar hrunsins 2008 er óvissa um hvaða atvinnuvegir muni styrkja stóðir íslensks efnahagslífs til framtíðar. Jafnframt standa mörg fyrirtæki frammi fyrir sambærilegum áskorunum og þá. Í hvaða átt á að horfa í nýjum heimi? Mikilvægast er að tryggja það að ný fyrirtæki og nýjar atvinnugreinar nái að dafna. Einkageirinn og hið opinbera þurfa að róa í sömu átt til þess að bæta samkeppnishæfni Íslands.

Hvar skórin kreppir

Í nýrri úttekt IMD viðskiptaháskólans á samkeppnishæfni 63 þjóða, sem kynnt var hér á landi í síðustu viku, má greina ýmis tækifæri til að bæta samkeppnishæfni Íslands. Niðurstöðurnar sýna að möguleikar erlendra aðila til að fjárfesta hér á

landi eru lakari en í flestum samanburðarlöndum. Hið sama á við um þann tíma sem tekur að setja fyrirtæki á laggirnar. Athugun OECD frá árinu 2018 (Product Market Regulation) bendir í sömu átt. Þar kom meðal annars fram að aðgangshindranir, sem erlendir aðilar búa við, væru hærri hér á landi en í mörgum öðrum OECD-rikkjum. Stjórnsýslubyrði (e. administrative burden) þeirra sem reka ný fyrirtæki hér á landi væri auk þess með því hæsta sem gerist innan OECD.

Könnun IMD, sem byggir meðal annars á svörum stjórnenda íslenskra fyrirtækja, gefur jafnframt til kynna að skilvirkni stórra, íslenskra fyrirtækja sé minni en í flestum samanburðarlöndunum, sem og alþjóðleg reynsla stjórnenda þeirra. Viðskiptaumhverfið hér á landi nái auk þess ekki að draga til sín mjög hæft erlent starfsfólk. Þá mælist útflutningur fábreyttur, sem gæti verið ein afleiðing af fyrrgreindum veikleikum í samkeppnisumhverfinu.

Til þess að nýir aðilar, innlendir sem erlendir, geti hafið hér starfsemi er jafnframt mikilvægt að þeir geti gengið að því visu að hér sé heilbriggt samkeppnisumhverfi. Í könnun IMD er Ísland í 39. sæti af 63 ríkjum þegar kemur að mati stjórnenda íslenskra fyrirtækja



Á Íslandi er hvað erfiðast fyrir tjónþola að sækja skaðabætur vegna samkeppnislagabrota, í evrópskum samanburði.

á því hvort samkeppnislöggjöfin sé áhrifarík til að koma í veg fyrir ósanngjarna samkeppni.

Sóknarfærin


Með hliðsjón af framangreindum veikleikum er mikilvægt á óvissutímum sem þessum að tryggja það að nýsköpunarfyrirtæki nái að vaxa og dafna, og með því byggja undir nýjar og fjölbreyttari atvinnugreinar til framtíðar. Skapa þarf umhverfi þar sem skamman tíma tekur að setja á stöfn ný fyrirtæki með lítlum tilkostnaði og umstangi, auðveldara verður að draga að hæft starfsfólk, innlent og erlentu fjármagni verður greiðari.

Þá eru ónýt tækifæri til að gera samkeppnislöggjöfina á Íslandi áhrifaríkari. Íslenska samkeppnis-eftirlitið hefur til að mynda minnstar heimildir eftirlitanna á Norður-

löndunum til þess að framkvæma húsleitir við rannsókn mála. Ekki er heldur að finna ákvæði í samkeppnislögmum sem bannar atvinnurekendum sem hafa gerst itrekað brotlegir við samkeppnislögmum að koma að rekstri fyrirtækja, í tiltekinni, afmarkaðan tíma. Þá liggur fyrir að á Íslandi er hvað erfiðast fyrir tjónþola að sækja skaðabætur vegna samkeppnislagabrota, í evrópskum samanburði. Úrbætur af þessu tagi myndu styðja við fyrirtæki sem eru að ryðja sér til rúms.

Til að efla samkeppnishæfni og bæta lífskjör hér á landi er mikilvægt að virkt samkeppnislegt aðhald sé hvað mest. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á samkeppnislögmum, en í því er ekki að finna fyrrgreindar úrbætur sem myndu stuðla að því að samkeppnislöggjöf hér á landi styddi betur við samkeppnishæfni landsins. Lög-gjafinn hefur því tækifæri til þess að rýna þau úrbótatækifæri sem eru til staðar og styrkja samkeppnislöggjöfina. Jafnframt er mikilvægt að stjórnvöld leiti leiða til þess að auðvelda nýjum fyrirtækjum, innlendum sem erlendum, og atvinnugreinum að vaxa og dafna. Eigendur fyrirtækja geta auk þess stuðlað að aukinni samkeppnishæfni, meðal annars með því að draga að erlenda fjárfesta og stjórnendur.

Að auglýsa hjá knattspyrnuliðum



Björn Berg Gunnarsson deildarstjóri greiningar og fræðslu hjá Íslandsbanka

Þegar rússneska ríkisfyrirtækið Gazprom hóf að styðja við bakkið á Rauðu stjórnunni í Belgrad og þýska knattspyrnuliðinu Schalke 04, mátti með góðum vilja draga þá ályktun að það tengdist mögulega gaslögnum sem leggja

átti í gegnum áhrifsvæði liðanna. Hvatin að baki stuðningnum var í það minnsta að hluta til pólitískur. En hvað með nýriku félögin sem landa milljarðasamningum við fyrirtæki eigenda sinna? Getur verið að slíkt sé tilraun til að laumast fram hjá reglum um fjárhagslega sjálfbærni og heilbrigða samkeppni? Mögulega er það ekki tilviljun að eigendurnir séu svo oft jafnframt helstu kostunaraðilar.

Það geta altént ýmsar ástæður legið að baki ákvörðun um að kosta fótballið, og þær þurfa ekki allar að tengjast því að selja vörur eða þjónustu. En þó svo hægt sé að



Íslenskur fótballi þarf að vera betri markaðsvara svo fyrirtæki veiti liðum styrki á markaðslegum forsendum.

nefna dæmi um auglýsingar norskra veðurfréttar á keppnistreyjum Millwall og annað forvitnilegt samstarf, skyldi ætla að fótballtinn sé tilvalinn vettvangur fyrir hefðbundnið markaðsstarf fyrirtækja.

Knattspyrna sem markaðsvara er á fljúgandi siglingu og fjármunirnir sem henni tengjast sómuleiðis.

Þannig hefur fjárhæð kostunar enskra úrvalsdeildarliða, sem dæmi, hækkað um 14% að raunvirði árlega undanfarinn áratug. Kostun skilar tæpum þriðjungu tekna efstudeildarliða í Evrópu og riflega fjórðungi hér á landi. Þetta er því mikilvægur tekjustofn og að honum þarf að hlúa. Af því tilefni hripaði ég niður lítið ritgerðarkorn á dögnum þar sem kostun íslenskra knattspyrnuliða var í kastljósinu. Þar kom upp úr krafsinu að til íslenskra fyrirtækja sé litinn stuðningur að sækja, nema þar sem persónuleg tengsl eru til staðar og þegar einhverjir aurar skila sér, er það á ansi áhugaverðum forsendum.

Nær alfarið eru slíkir styrkir veittir í nafni samfélagslegrar ábyrgðar, en ekki í von um markaðslegan ávinning. Eftir því sem ferlar og formlegheit aukast innan fyrirtækja, hvað auglýsingar og styrkveitingar varðar, virðist auk þess minna í boði fyrir félögin. Á meðan svo er gætu vaxtarmöguleikar félaganna verið takmarkaðri en ella og það er bæði óþarfi og óheppilegt.

Íslenskur fótballi þarf að vera betri markaðsvara svo fyrirtæki veiti liðum styrki á markaðslegum forsendum. Það er ekki sjálfbært til lengri tíma að treysta nær alfarið á persónuleg tengsl.

SUMARTILBOÐ

SAMSUNG

20-30% AFSLÁTTUR Á VÖLDUM SAMSUNG HEIMILISTÆKJUM

27%
AFSLÁTTUR



SAM-RR39M7010WWEE

KÆLISKÁPUR 185CM

TILBOÐ 79.995

ÁÐUR 109.995

25%
AFSLÁTTUR



SAM-RZ32M7000WWEE

FRYSTISKÁPUR 185CM

TILBOÐ 89.995

ÁÐUR 119.995

29%
AFSLÁTTUR



SAM-RB37J5000WWEF

KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI 201CM

TILBOÐ 84.995

ÁÐUR 119.995

30%
AFSLÁTTUR



SAM-RB33J3215WWEF

KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI 185CM

TILBOÐ 69.995

ÁÐUR 99.995

20%
AFSLÁTTUR



SAM-GE87MCXEE

ÖRBYLGJUOFN 23L

TILBOÐ 15.995

ÁÐUR 19.995

24%
AFSLÁTTUR



SAM-MS28J5255UWEE

ÖRBYLGJUOFN 28L

TILBOÐ 18.995

ÁÐUR 24.995



Heimilistæki

SKOÐUN

Þórður
Gunnarsson



Innflutt mengun

Ríkisstjórnin tilkynnti í gær að 46 milljörðum króna yrði varið í að draga úr losun koltvísyrings á Íslandi. Um er að ræða viðamikinn aðgerðapakka, sem mun án vafa kalla á stofnun fjölmargra starfshópa. Fjöldi gagnlegra funda verður eflaust haldinn, til að tryggja framgang loftslagsáætlunarinnar.

Til að mynda stendur nú til að banna notkun á svartolíu, sem er löngu tímabær aðgerð og í raun algjör vanræksla af hálfu stjórnvalda að hafa beðið svo lengi með það. Þó að nú minnki sennilega hvati þeirra sem gera út skemmtiferðaskip til að koma hingað til lands. Því bannað er að brenna svartolíu innan efnahagslögsögu nánast allra Evrópuríkja, nema Íslands. Því hefur það borgað sig að taka stímið til Íslands, fylla dallinn af brennisteinsríkri og hræðýrri svartolíunni og taka rúnt í kringum landið.

Einnig verður unnið að því að hafa áhrif á fóðrun búfæna, til að draga úr iðragerjun hans. Dregið verður úr kjötneyslu opinberra starfsmanna, með breyttri innkaupastefnu mótuneyta. Ekki er tekið fram í loftslagsáætluninni hvaða áhrif aukin grænmetisneysla gæti haft á iðragerjun opinberra starfsmanna. Tíminn einn mun leiða það í ljós.

Í nýju loftslagsstefnunni er á nokkrum stöðum talað um losun á beinni ábyrgð Íslands, og losun sem tilheyrir hinu svokallaða ETS-kerfi – hinu samevrópska kerfi um upprunaábyrgðir raforku. Klifað er á aðskilnaði milli losunar á beinni ábyrgð Íslands og þeirrar sem fellur undir ETS-kerfið á nokkrum stöðum í loftslagsstefnunni, til að mynda í kaflanum um rafvæðingu við framleiðslu fiskimjols. Loftslagsáætlunin tekur eingöngu til þess sem stendur utan ETS-kerfisins.

Þarna liggur hundurinn grafinn. Því að með sölu upprunaábyrgða úr landi gera Íslendingar öðrum kleift að menga. Nánast öll orka er framleidd með endurnýjanlegum hætti á Íslandi, en upprunaábyrgðir eru seldar úr landi, sem þýðir að í hinu alþjóðlega kolefnisbókhaldi er Ísland að taka á sig losun annarra. Annars værum við ekki að fá borgað fyrir sölu upprunavottorða. Ef hægt er að finna 46 milljarða til að verja til framkvæmdar loftslagsáætlunar, þá ætti að vera hægt að bæta orkufyrirtækjunum upp tekjutap, myndu þau hætta að selja upprunaábyrgðir.

Tekjur íslenskra orkufyrirtækja af sölu upprunaábyrgða nema á bilinu 1-1,5 milljörðum á ári. Skilvirkasta loftslagsaðgerðin væri einfaldlega að hætta sölu þessara ábyrgða, enda er það þyngra en tárur taki að verkfræðiljóð á borð við Kárahnjúkavirkjun hafi risið með miklum tilkostnaði og náttúruförnum, svo að grútskitug brúnkol fái áfram að fuðra upp á meginlandi Evrópu.

Greiðir hluthöfum 2,9 milljarða

Framtakssjóður Íslands greiddi hluthöfum 2,9 milljarða króna í ár. Um var að ræða 1,6 milljarða arðgreiðslu og hlutafé var lækkað með 1,3 milljarða króna útgreiðslu til hluthafa. FSÍ hagnaðist um 1,2 milljarða í fyrra samanborið við 395 milljónir árið áður. Lífeyrissjóðir eiga sjóðinn að mestu, Landsbankinn á 18 prósent hlut og VÍS 0,6 prósent.

Framtakssjóðurinn var stofnaður við lok árs 2009. Hann fjárfesti á



Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands.

starfstíma sínum í níu fyrirtækjum fyrir um 43,3 milljarða króna. Fyrirtækin hafa öll verið seld og í apríl var söluverð þeirra innleyst að mestu leyti. Eftir aðalfund félagsins 2020 hefur sjóðurinn frá stofnun greitt eignum sínum til baka 91,5 milljarða króna.

Innri ávöxtun sjóðsins er 23 prósent á ári. Áætlað er að starfsemi FSÍ verði að fullu lokið í febrúar 2021.

Á meðal vel heppnaðra fjárfestinga má nefna Icelandic Group, Icelandair og Vodafone. – hvj

17.06.2020

Þó ég vilji ekki hnýta í ferðapjónustu, er það samt þannig að ef við breytumst alfarið í ferðapjónustuland þá er framlegðin ekki næg til þess að halda þessum lífsgæðum.

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar



Bókhald & laun

Enginn tími fyrir bókhaldið?

Með nýjum rafrænum lausnum sjáum við um bókhald þitt á einfaldan og öruggan hátt meðan þú sinnir rekstrinum og hefur góða yfirsýn yfir stöðuna.

Taktu skrefið inn í framtíðina með okkur, útvistaðu bókhaldinu og njóttu þess að hafa meiri tíma fyrir þig.

Sjá nánar á www.pwc.is/bokhald

PwC | Bókhald & laun | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar

